

Gjaldskrárbreytingar

Við samþykkt fjárhagsáætlun-
ar Kópavogs fyrir 2018 voru
gerðar breytingar á gjaldskrá
fyrir mötuneyti og dæg-
radvalir. Mánaðargjald í mötu-
neyti frá 1. janúar er kr.
9.217 (468 kr. máltíðin) og
grunnjald í dægradvöl er
7529 krónur fyrir 20 tíma
vistun. Gjaldskrár má nálgast
á slóðinni:
<https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>

Fjarvistir - sms

Nú í byrjun annar munum við
gera tilraun með að taka í
notkun þann möguleika í
mentor að kerfið sendi út
sms til foreldra þegar
nemendur eru skráðir með
óheimilar fjarvistir. Þarna er
um að ræða aukna skilvirkni
á upplýsingagiöf til foreldra
og væntanlega aukið aðhald
fyrir nemendur sem þurfa á
því að halda.

Kæra skólasamfélag

Þá rennum við okkur inn í seinni hálfleik skólaársins og heilsum um leið nýju ári. Meðal þeirra verkefna sem hæst ber í janúar er birting á námsmati með breyttu formi en það byggir nú á hæfniviðmiðum aðalnámskrár eins og kynnt hefur verið. Nú prentum við ekki lengur út vitnisburðarblöð heldur safnast matsupplýsingar inn á svokölluð hæfnikort á mentor þar sem þær eru aðgengilegar fyrir foreldra og nemendur. Við gerum ráð fyrir að opna námsmatið á mentor þann 18. janúar og þá gefst tækifæri til að skoða það fram að viðtölum við umsjónarkennara sem fram fara 22. og 23. janúar. Við tökum að þessu sinni tvo daga undir viðtölin og þar gefst því rýmri tími en venjulega til að rýna í matið og taka stöðuna. Nánari útskýringar á þessu öllu saman verða sendar út þegar við opnum fyrir matið. Meðal annarra verkefna í janúar er að ljúka við endurskoðun skólareglna en þar hafa nemendur skólans nú þegar lagt grunninn með vinnu sem fram fór fyrir áramótin. Árið ber svo í skauti sér áframhaldandi áskoranir í formi fjölgunar nemenda en það gæti hugsast að við rjúfum 1000 nemenda múrinn næsta haust. En við erum bjartsýn á framtíðina og hlökkum til að halda áfram að móta okkar góða skóla í samstarfi við nemendur og foreldra. Með óskum um gleðilegt ár og bestu þökkum fyrir samstarfið á liðna árinu.

Ágúst Jakobsson, skólástjóri

Sveitakeppni grunnskóla Kópavogs í skák 2017

Skákkeppni grunnskólanna í Kópavogi fór fram í lok nóvember og var þar keppt í fjórum flokkum. Er skemmst frá því að segja að nemendur okkar stóðu sig frábærlega eins og svo oft áður. Sveitir Hörðuvalla- skóla fóru með sigur af hólmi í flokkum 1.-2. bekkjar og 8.-10. bekkjar og hlutu bronsverðlaun í flokki 3.-4. bekkjar. Það er því ljóst að nemendur okkar halda áfram að auka hróður skólans á sviði skáklistarinnar. Nánar má fræðast um málið á heimasíðu skólans en meðfylgjandi mynd er af sigursveit skólans í yngsta flokknum ásamt Gunnari skákkennara sem er nemendum okkar stoð og stytta á þessu sviði. Til hamingju með árangurinn!



Endurskoðuð heimanámsstefna

Á haustönninni rýndum við dálítið í stefnu skólans hvað varðar heimanám og gerðum á henni nokkrar breytingar. Endurskoðuð heimanámsstefna skólans bíður formlegrar afgreiðslu skólaráðs en hana má sjá hér á eftir. Eins og sjá má felst stefnan ekki síst í því að hnykkja á mikilvægi lestrar og verður sú vísa seint of oft kveðin.

Heimanámi í Hörðuvallaskóla er stíllt í hóf. Nemendur koma þó reglulega heim með verkefni sem þau þurfa að vinna heima til að skerpa á ákveðnum þáttum sem þarfnast frekari þjálfunar eða viðhalds. Lögð er áhersla á að hafa þau heimaverkefni vel skilgreind og fyrirmæli skýr. Forráðamönnum er bent á að ef verkefni eru of krefjandi eða skilaboðin sem þeim fylgja eru óljós er mikilvægt að þeir hafi samband við kennara og leiti eftir upplýsingum svo þeir geti sem best aðstoðað börn sín við að leysa verkefnið.

Lestraruppeldi barna og unglunga er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Markviss lestrarkennsla fer fram í fyrstu bekkjum skólans og henni er svo viðhaldið með áframhaldandi þjálfun, lestri, umræðum og textavinnu. Mikilvægt er að börn fái lestrarþjálfun heima, enda benda rannsóknir til þess að með markvissri þjálfun aukist líkur á því að lestrarfærni barna verði næg til að þau geti notið lestrar og náð tökum á því efni sem þau lesa. Forráðamenn stuðla að aukinni lestrarfærni barna sinna með því vekja áhuga þeirra á lestri og láta þau lesa heima daglega, upphátt þegar þau eru yngri og í hljóði þegar þau eru komin á unglíngastig. Mikilvægt er að hætta ekki að láta börn lesa heima þegar þau koma á miðstig grunnskóla þó eiginlegri lestrarkennslu sé í flestum tilvikum lokið þá. Einnig kemur það lesskilningi barna til góða að forráðamenn ræði við börn sín um það sem þau lesa.



[Hér eru ráðleggingar til forráðamanna varðandi það að fá börn sín til að lesa heima.](#)

[Við bendum á læsistefnu Hörðuvallaskóla þar sem farið er yfir hvernig lestrarnám nemenda er byggt upp í skólanum.](#)

Til að fá innsýn í nám barna sinna geta forráðamenn hjálpað eldri börnum sínum með því að aðstoða þau við að skipuleggja vinnu sína í skólanum, spyrja börn á öllum aldri hvað þau hafi lært nýtt í skólanum þann daginn og ræða um þau viðfangsefni sem verið er að vinna með hverju sinni hvort sem það er mannslíkaminn, geimurinn, enskar sagnir eða algebra. Með því að sýna námi barna sinna áhuga eykst áhugi þeirra á náminu og það getur ýtt undir námsárangur.

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1. Nýársdagur	2. Jólaeyfi Dægradvöl opin	3. Skipulagsdagur Dægradvöl opin	4. Gufusöðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Annaskil - fyrsti dagur vorannar	5. Kjúklingasagna m/ snittubrauði. Salatbar og ávextir.	6.
7.	8. Ofnbakaður lax m/ kartöflum og kaldri sósu. Salatbar og ávextir.	9. Sænskar hakkbollur m/ kartöflumús, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir.	10. Heitur pastaréttur m/ heilhvítastaskrúfum, hamborgarhrygg, grænmeti og ostasósu. Ávextir.	11. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	12. Kjúklingalæri í piri piri m/ brúnum hrísgrjónum og tikkamasalasósu. Salatbar og ávextir.	13.
14.	15. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	16. Matarmikil ítölsk græn- metissúpa m/ heil- hvítasta og brauði. Ávextir.	17. Píta m/ skinku, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	18. Heimalagaður ofnbak- aður fiskur í karrýsósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir. Opnað fyrir námsmat	19. Lambasnitset m/ kaldri bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Bóndadagurinn	20.
21.	22. VIÐTALSDAGUR	23. VIÐTALSDAGUR	24. Skr m/ rjómblandi og brauð með álegg. Ávextir.	25. Heimalagaður plokkfiskur m/ rúg- brauði. Salatbar og ávextir.	26. Íslensk kjötsúpa. Ávextir.	27.
28.	29. Ýsa í orly m/ brúnum hrísgrjónum og súr- sætri sósu. Salatbar og ávextir. 9.b. fer í skólabúðir	30. Nautahakk og heil- hvítastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	31. Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsínum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	Við minnum á endurbætta heimasíðu skólans á slóðinni www.horduvallaskoli.is og nýja facebook síðu þar sem við miðlum einnig upplýsingum og fréttum úr skólstarfinu. Sjá: https://www.facebook.com/horduvallaskoli/		

Muna:

- **Viðtalsdagar 22. og 23. janúar, opnað verður fyrir skráningu í viðtöl í vikunni á undan. Annan viðtalsdaginn mæta nemendur í viðtal til umsjónarkennara ásamt forráðamanni/ forráðamönnum. Dægradvöl verður opin á viðtalsdögum fyrir þau börn sem þar eru skráð.**

Útivistartíminn frá 1. september: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðs-samkomu.